

Að mála netsprungna útveggi úr steinsteypu eða múrklæðningu

Val á efnum

Skynsamlegasti valkosturinn við málun á netsprungum í útveggjum úr steinsteypu og múrklæðningu er Alphaloxan Flex sem er teygjanleg síloxan akrýlmálning (steinsílan). Málningarfilman fylgir eftir hreyfingum sprungnanna, jafnvel við mjög lágt hitastig. Alphaloxan Flex býr einnig yfir einstökum öndunareiginleikum og ver steinefnaundirlagið gegn niðurbrotsáhrifum vatns og koldíoxíðs.

Aðferð

1. Tryggið að sprungan sé þurr og laus við ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi.
2. Sprungur þarf að fylla með sements- og trefjastyrktu viðgerðarspartli, t.d. Husrep. Spartlið kemur í duftformi og skal blanda í hlutföllunum 4 á móti 1 af vatni.
3. Bera skal vatnsvörnina Mur-Silan (mónósílan) yfir viðgerðina.
4. Grundið síðan með Alpha Aquafix Opaque (hvítur grunnur), þynntum um 10-15% af vatni eða Professional Microdispers (glær grunnur). Á mjög gljúpa og duftsmítandi fleti skal nota Professional Microdispers.
5. Ef um stærri sprungur er að ræða skal mála ríkulega yfir Husrep viðgerðirnar með Alphaloxan Flex; farið 2 umferðir ef þarf.
6. Málið loks 2 umferðir með Alphaloxan Flex.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Yfirmálun:

Mur-Silan 48 klst.

Alpha Aquafix Opaque 6 klst

Professional Microdispers 3-4 klst

Alphaloxan Flex 8-12 klst

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur. Notið ekki sömu verkfæri í Mur-Silan og í málninguna

Þekja:

Mur-Silan 4-5 m²/l

Alpha Aquafix Opaque 4-8 m²/l

Professional Microdispers 8-10 m²/l

Alphaloxan Flex 7-9 m²/l

Hreinsun: Vatn

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.